



Samþykkt um Bílastæðasjóð Suðurnesjabæjar

I. kafli.

Stofnun og hlutverk sjóðsins

1. gr.

Bílastæðasjóður Suðurnesjabæjar er eign Suðurnesjabæjar. Sjóðurinn er B-hlutafyrirtæki. Bæjarstjórn kys þriggja manna stjórn fyrir sjóðinn. Bæjarstjórn er heimilt að gefa Isavia kost á að tilnefna einn fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Verkefni bílastæðasjóðs Suðurnesjabæjar er að eiga og reka stöðumæla við götur bæjarfélagsins og reka sérstök bílastæði eftir því sem tilefni er til. Jafnframt er bæjarfélaginu heimilt að fela sjóðnum byggingu og rekstur bílastæðahúsa og annarra bílskýla fyrir almenning.

Til bílastæðasjóðs skulu renna tekjur af stöðumælum og leigu stöðureita, aukastöðugjöld og önnur gjöld vegna stöðvunarbrot. Til sjóðsins renna ennfrémur tekjur af leigu bílastæða jafnt úti sem í sérstökum bílastæðahúsum, sem leigð eru til lengri eða skemmri tíma. Þá fær sjóðurinn tekjur af greiddum bílastæðagjöldum, þegar húsbyggjendur greiða bílastæðagjöld skv. sérstakri samþykkt þar um. Ennfrémur getur verið um að ræða framlög úr bæjarsjóði eða lántökur með ábyrgð bæjarsjóðs eða tryggðar veði í mannvirkjum, sem bókfærð eru hjá bílastæðasjóði.

II. kafli.

Um bílastæði

2. gr.

Bílastæði er svæði með reitum til að leggja bílum. Á bílastæði er óheimilt að leggja bílum annars staðar en á merktum reitum.

3. gr.

Bílastæði í þessum samþykktum geta verið:

- bílastæði, sem eru gjaldfrjáls í takmarkaðan tíma (klukkustæði),
- gjaldskyld bílastæði til skammtímastöðu (stöðumælastæði),
- gjaldskyld bílastæði til langtímastöðu (fastleigustæði),
- sérstök bílastæði fyrir stóra bíla að nóttu til (rútustæði),
- bílastæðahús og bílskýli.

4. gr.

Bílastæði eru merkt með 50-100 mm breiðum línum, heilum eða brotnum. Þegar ökutæki er lagt á merkt staði skal það allt vera innan línanna.

Bílastæði ætluð sérstökum aðilum eru merkt á sama hátt en með hornalínunum að auki.

III. kafli.

Stöðumælastæði

5. gr.

Stjórn sjóðsins gerir tillögu til bæjarstjórnar um hvar á götum og opnum svæðum skuli setja upp stöðumæla.

6. gr.

Stöðumælar geta verið ýmist einn fyrir hvert stæði eða einn fyrir ótiltekinn fjölda stæða. Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðumælaþrengi fyrir hvers konar vélknúin ökutæki.

7. gr.

Tekjur af stöðumælum renna í bílastæðasjóð. Stjórn bílastæðasjóðs gerir tillögu til bæjarstjórnar um fjárhæð gjalds fyrir stöðu ökutækis á stöðumælaþrengi og hvað ökutæki megi standa þar lengi samfelld og á hvaða tíma gjaldskylda er. Lögreglustjóri getur breytt ákvæðum um gjaldskyldu þegar sérstaklega stendur á.

8. gr.

Ef mælir er þannig gerður að úr honum kemur miði með áletrun um þann tíma, er greitt var í hann eða þau tímamörk, sem greitt hefur verið til, skal ökumaður setja miðann á mælaborð við framrúðu bifreiðarinnar, þannig að áletrun á miðanum sé vel sýnileg utan frá.

9. gr.

Hver, sem leggur ökutæki þannig, að eigi er unnt að nota stöðumælaþrengi fyrir annað ökutæki, skal greiða í stöðumælinn eins og ökutækið stæði á stöðumælaþrenginum sjálfum.

10. gr.

Á stöðumæli skal vera letrað greinilega, hve hátt stöðumælagjaldið er, til hve langs tíma staða er keypt, á hvaða tímum sé skylt að greiða í mælinn og hvernig mælirinn sé settur í gang. Ekkert ökutæki má standa á stöðumælaþrengi lengur en þann hámarkstíma, sem letraður er á viðkomandi stöðumæli. Bannað er að setja nokkurn annan hlut í stöðumæli en þá mynt, sem mælirinn er gerður fyrir.

IV. kafli.

Klukkustæði

11. gr.

Stjórn sjóðsins gerir tillögu til bæjarstjórnar um hvað ökutæki megi standa lengi samfelld á klukkustæðum. Lögreglustjóri getur breytt þessu ákvæði þegar sérstaklega stendur á.

12. gr.

Klukkustæði eru bílastæði þar sem heimilt er að leggja ökutækjum án gjalds í tiltekinn tíma, eftir atvikum í 15 mín. - 2 klst., skv. því sem tilgreint er á skiltum við bílastæðin. Ekkert ökutæki má standa á klukkustæði lengur en þann hámarkstíma, sem letraður er á viðkomandi skilti.

13. gr.

Ökumanni ökutækis, sem lagt hefur verið á bílastæði skv. 3. gr. og 11. gr., er skylt að hafa bílastæðaklukkuna á framrúðu eða á mælaborði við framrúðu ökutækisins, þannig að hún sé vel sýnileg utan frá.

14. gr.

Bílastæðaklukkan er spjald úr pappa og/eða plasti, sem sérstaklega er gert til að sýna tímasetningar. Óheimilt er að nota aðrar bílastæðaklukkan á klukkustæðum Suðurnesjabæjar en þær sem viðurkenndar eru af Bílastæðasjóði Suðurnesjabæjar.

15. gr.

Ökumanni ökutækis, sem lagt hefur verið á bílastæðum skv. 11. gr., er skylt að sýna, með vísi á bílastæðaklukkan, hvenær ökutækinu var lagt á bílastæðið. Óheimilt er að breyta stillingu vísisins áður en ökutækið yfirgefur bílastæðið.

16. gr.

Bílastæðaklukkan skulu vera til afhendingar á skrifstofu Suðurnesjabæjarbæjar og/eða annars staðar eftir því sem henta þykir. Heimilt er að innheimta gjald fyrir bílastæðaklukkan.

V. kafli.

Fastleigustæði

17. gr.

Fastleigustæði eru gjaldskyld bílastæði, þar sem ökutækjum er lagt ótímabundið.

18. gr.

Fyrir fastleigustæði er greitt leigugjald sem ákvarðað er fyrir hvern mánuð. Stjórn sjóðsins gerir tillögu til bæjarstjórnar um fjárhæð leigugjaldsins. Heimilt er að veita afslátt af leigugjaldinu ef samfelldur leigutími er 12 mánuðir eða lengri.

19. gr.

Gegn greiðslu leigugjalds fyrir fastleigustæði skal afhenda leigutaka sérstakt kort sem setja skal á mælaborð við framrúðu ökutækisins, þannig að það sé vel sýnilegt utan frá, þegar ökutækinu er lagt á stæðið.

VI. kafli.

Rútustæði

20. gr.

Rútustæði nefnast sérstök bílastæði fyrir ökutæki, sem bannað er skv. lögreglusamþykkt að leggja á götum eða almennum bílastæðum bæjarins, á tímabilinu milli frá kl. 22:00 til kl. 07:00, ýmist í landi bæjarfélagsins eða á landspildum, sem sérstaklega eru teknar á leigu í þeim tilgangi.

21. gr.

Bílastæðasjóði er heimilt er að taka leigugjald sem ákvarðar er af bæjarstjórn fyrir rútustæði, ýmist tímaleigugjald eða fast gjald. Notendur skulu þá festa límmiða með áritaðri notkunarheimild á rúðu viðkomandi ökutækis.

Séu bílastæðin notuð í heimildarleysi skal greiða aukastöðugjald, sbr.IX. kafla.

VII. kafli.

Bílastæðahús og bílskýli

22. gr.

Stjórn bílastæðasjóðs getur gert tillögu til bæjarstjórnar um að fela Bílastæðasjóði Suðurnesjabæjar að byggja og reka bílastæðahús og bílskýli enda verði fjármögnun þess tryggð.

Heimilt er að selja hlutdeildarbréf í bílastæðahúsum og bílskýlum, sem byggð eru af Suðurnesjabæ fyrir reikning bílastæðasjóðs. Slíkt hlutdeildarbréf veitir rétt á bílastæði í bílahúsinu skv. nánari skilmálum og er sá réttur framseljanlegur. Réttthafi bílastæðis í bílastæðahúsi á vegum bílastæðasjóðs greiðir rekstrarkostnað vegna þess.

23. gr.

Notendur bílastæðahúsa og bílskýla í eigu bílastæðasjóðs skulu greiða leigu fyrir notkun þeirra skv. gjaldskrá, sem stjórn sjóðsins ákveður, jafnframt ákveður stjórn hvenær þau eru opin.

24. gr.

Heimilt er að semja við eigendur einkabílastæðahúsa og einkabílskýla um að rekstur þeirra verði á vegum bílastæðasjóðs hluta sólarhringsins.

VIII. kafli.

Stöðvunarbrot – skilgreining

25. gr.

Stöðvunarbrot samkvæmt samþykkt þessari eru tvenniskonar. Annars vegar brot á reglum um notkun stöðureita skv. 109. gr. f lið 1. mgr. sbr. 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga og er gjaldtaka vegna þess hér á eftir nefnt aukastöðugjald. Hins vegar brot á reglum 109. gr. umferðarlaga lið a – e og er hér á eftir nefnt stöðubrot og stöðubrotsgjald.

IX. kafli.

Eftirlit með stöðubrotum, aukastöðugjald og stöðubrotagjald

26. gr.

Sérstakir stöðuverðir á vegum Suðurnesjabæjar eða aðili sem bæjarstjórn hefur samið við sjá um eftirlit með stöðu bíla bæði á bílastæðum við stöðumæla og annarsstaðar. Þeir skulu líta eftir því að notendur stöðumæla hafi greitt tilskilin stöðumælagjöld og sömuleiðis þeir sem leggja bílum sínum á bílastæðum þar sem gjaldskylda er. Jafnframt skulu þeir líta eftir því, að bílum og öðrum ökutækjum sé ekki lagt ólöglega samanber 109. grein umferðarlaga nr. 77 frá 2019. Stöðuvörðum er heimilt að leggja gjaldmiða á bíla til innheimtu gjalda vegna stöðubrota og misnotkunar á stöðumælum samanber 109. grein umferðarlaga. Gjöld þessi eru hér nefnd aukastöðugjöld ef um er að ræða vanrækslu á greiðslu fyrir gjaldskytt stæði eða aðra misnotkun á gjaldskyldu stæði en stöðubrotsgjald ef um er að ræða brot á reglum umferðarlaga eða lögreglusamþykktar um stöðu eða lagningu bifreiðar. Á þeim tímum sem stöðuverðir starfa ekki sér lögreglustjórinn á Suðurnesjum um eftirlitið.

27. gr.

Pegar stöðuvörður verður þess var, að ökutæki stendur ólöglega samanber 109. gr. laga nr. 77 frá 2019, skal hann afhenda ökumanni þess eða festa við það, tilkynningu um brotið. Á tilkynningunni skal taka fram hvar og hvenær brot átti sér stað, hvert brot er, auðkenni ökutækis, svo sem skráningarnúmer og tegund (gerð) og greint frá því að ökumanni sé boðið

að ljúka málinu með greiðslu stöðubrotsgjaldsins í Bílastæðasjóð Suðurnesjabæjar, hvar og hvernig greiðslu megi inna af hendi svo og fjárhæð gjaldsins og hvernig með verði farið ef greiðsla dregst. Tilkynning skal undirrituð af stöðuverði (nafn og númer). Á sama hátt skal stöðuvörður tilkynna um aukastöðugjald, hvar og hvernig megi inna greiðslu af hendi og hvernig með verði farið ef greiðsla dregst.

28. gr.

Stjórn bílastæðasjóðs ákveður fjárhæð aukastöðugjalds og stöðubrotsgjalds. Gjöld þessi skal greiða innan 14 daga frá álagningu. Tilkynning um gjald er í formi kröfu. Sé gjald samkvæmt 1. málsgrein ekki greitt innan 14 daga hækkar það gjald um 50%. Kröfubréf skulu send til þeirra sem ekki greiða innan greinds frests.

29. gr.

Verði gjöld samkvæmt 1. mgr. 10. greinar ekki greidd innan 14 daga er heimilt að beita ákvæðum 110. greinar umferðarlaga nr. 77 frá 2019 við innheimtu þeirra.

X. kafli.

Rekstur bílastæða og gjaldtaka fyrir notkun þeirra.

30. gr.

Sandgerðisbær tekur ákvörðun um gerð almennra bílastæða ýmist á landi bæjarins eða á landspildum, sem sérstaklega eru teknar á leigu í þeim tilgangi. Heimilt er að taka leigugjald fyrir bílastæði ýmist tímaleigugjald eða fast gjald.

31. gr.

Heimilt er að semja við eigendur einkabílastæða um tímabundin afnot þeirra og útleigu til almennings.

32. gr.

Stjórn bílastæðasjóðs gerir tillögu til bæjarstjórnar um fjárhæð gjalds fyrir afnot bílastæða, er fjallað er um í þessum kafla svo og þann tíma sólarhrings, sem notkun er undanþegin leigu. Leigugjöld renna í bílastæðasjóð Suðurnesjabæjar.

33. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarstjórn Suðurnesjabæjar 4. desember 2019